

AUGLÝSING

**um tímabundna undanþágu samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 546/1994
um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna frá sölu og
innflutningi slíkra efna.**

1. gr.

Heimilt er að selja ísskápa og frystiskápa sem innihalda klórflúorkolefni í kælikerfum til 30. september 1995 enda hafi skáparnir verið fluttir til Íslands fyrir 31. desember 1994.

2. gr.

Heimild til sölu á vörum samkvæmt 1. gr. er háð því að við sölu vörunnar séu kaupendur upplýstir um að framleiðsla kælivökva í umrædda vöru hafi verið hætt í Evrópu frá og með 1. janúar 1995 og að þá hafi jafnframt fallið úr gildi tímabundin heimild til innflutnings og sölu CFC kælivökva hér á landi vegna skaðlegra áhrifa á ósonlagið.

3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 546/1994 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna og heimild í ákvæði 2. mgr. 29. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. gr. laga nr. 51/1993, og samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 10. janúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

11. janúar 1995

Nr. 35

REGLUGERÐ

um stöðlun á sviði upplýsingatækni og fjarskipta.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til:

- staðla á sviði upplýsingatækni eins og tilgreint er í 4. gr.
- notkunarforskrifta fyrir þjónustu sem boðin er sérstaklega til upplýsinga- og gagna-skipta milli tæknilegra upplýsingakerfa um almenn fjarskiptanet.

Reglugerð þessi tekur ekki til:

- sameiginlegra tækniforskrifta fyrir notendabúnað sem tengdur er við almenn fjarskiptanet sem falla undir reglugerð nr. 589/1994 um viðurkenningu notendabúnaðar á grundvelli sameiginlegra tæknilegra reglugerða á Evrópska efnahagssvæðinu.
- forskrifta fyrir búnað, sem er hluti af almennum fjarskiptanetum.